

Eftirfylgni: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og eftirlit ríkisins

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína til innanríkisráðuneytis frá árinu 2014 um að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Síðan þá hefur ráðuneytið unnið að endurskoðun aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga og regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að niðurstöður þeirra vinnu liggja fyrir undir lok ársins 2017 og að ráðist verði í laga- og reglugerðarbreytingar árið 2018. Sérstaklega hefur verið komið til móts við ábendingu Ríkisendurskoðunar með setningu nýrrar reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Að auki vinnur ráðuneytið að endurskoðun reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2014

Í skýrslunni [Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og eftirlit ríkisins](#) (2014) kannaði Ríkisendurskoðun starfsemi sjóðsins og samspil hans við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, innanríkisráðuneyti og önnur ráðuneyti. Þar sem þá þegar var unnið að breytingum á lögum og reglugerðum um starfsemi sjóðsins ákvað stofnunin að ráðast ekki í aðalúttekt á málefnum hans. Engu síður vakti stofnunin athygli á nokkrum þáttum þar sem úrbóta var þörf.

Að mati Ríkisendurskoðunar var lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga flókið. Stofnunin benti á að í ársbyrjun 2009 hefði þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipað starfshóp um heildarendurskoðun á laga- og reglugerðarákvæðum sjóðsins. Hópurinn hefði skilað skýrslu árið 2010 og væri unnið í samræmi við tillögur hans.

Ríkisendurskoðun vakti athygli á að innanríkisráðuneyti væri falið ríkt eftirlits- og úrskurðarhlutverk samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Fram kom að ráðuneytið hefði sett sér markmið og reglur um eftirlitshlutverk sitt en skorti að eigin sögn tíma og fjármuni til að efla frumkvæðiseftirlit sitt frekar. Stofnunin benti einnig á að með tilkomu nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og

reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga hefði starf eftirlitsnefndar með fjármálum þeirra eflst. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar hefði átt að ljúka við endurskoðun hennar fyrir 1. janúar 2014. Af því hafði ekki orðið.

Að lokum rakti Ríkisendurskoðun það hlutverk reikningsskila- og upplýsinganefndar að stuðla að samræmdum reikningsskilum sveitarfélaga. Unnið væri að endurskoðun reikningsskilareglna í því skyni að taka tillit til ýmissa breytinga í starfsemi sveitarfélaganna, m.a. vegna þeirra verkefna sem þau hefðu tekið við frá ríkinu árið 2011. Samkvæmt áætlun innanríkisráðuneytis áttu tillögur að nýjum reglum að liggja fyrir um mitt ár 2014.

Ábending árið 2014

Ríkisendurskoðun hvatti innanríkisráðuneyti til að vinna markvisst að, og ljúka hið fyrsta, endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, reikningsskilareglum sveitarfélaga og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Í viðbrögðum ráðuneytisins kom fram að það myndi taka ábendingar Ríkisendurskoðunar til greina. Samkvæmt aðgerðaáætlun ætti að kynna tillögur að breyttum reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á ársfundi hans í október 2014 og frekari laga- og reglugerðarbreytingar yrðu mótaðar í framhaldinu. Einnig væri unnið að endurskoðun reglna um reikningsskil sveitarfélaga í vinnuhóp innan ráðuneytisins í nánú samstarfi við reikningsskila- og upplýsinganefnd. Stefnt væri að því að tillögur til úrbóta lægju fyrir haustið 2014. Ráðuneytið stefndi einnig að því að ljúka endurskoðun reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga fyrir lok þess árs

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir að innanríkisráðuneyti greindi frá því hvernig brugðist hefði verið við ábendingu stofnunarinnar frá 2014. Svar þess barst í janúar 2017.

Áform ráðuneytisins um að tillögur að einfölduðu regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrðu kynntar á ársfundi sjóðsins í október 2014 gengu eftir. Framhald vinnunnar tafðist, einkum af tveimur ástæðum. Annars vegar reyndist umfang verkefnisins meira en talið var. Hins vegar stóðu samningaviðræður ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málefna fatlaðs fólks yfir allt til ársloka 2015. Niðurstaða þeirra viðræðna var talin forsenda þess að halda mætti áfram nauðsynlegri endurskoðun og breytingum á starfsemi sjóðsins. Þeirri vinnu var haldið áfram á fyrri hluta ársins 2016 og í september það ár var skipuð sjö manna nefnd með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem var ætlað að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Samkvæmt svari ráðuneytisins ættu tillögur hennar að liggja fyrir í október 2017. Í framhaldinu yrðu þær kynntar sveitarfélögum og stefndi ráðuneytið að nauðsynlegum laga- og reglugerðabreytingum árið 2018.

Þá tók innanríkisráðuneyti fram að endurskoðun reglna um reikningsskil sveitarfélaga hefði lokið á árinu 2015 með útgáfu reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Aftur á móti er endurskoðun reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga ólokið. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hefur það unnið að endurskoðun VII. kafla sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga en reglugerðin er sett á grundvelli heimildar sem þar er að finna. Þeirri vinnu er að mestu lokið og í undirbúningi eru breytingar á þeim kafla laganna. Samhliða þeim verða ákvæði reglugerðarinnar yfirfarin og gerðar nauðsynlegar breytingar á efnisatriðum hennar. Ráðuneytið áformar að þessari endurskoðun ljúki í september 2017.

Með tilliti til þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í á síðustu árum og yfirstandandi vinnu ráðuneytisins sér Ríkisendurskoðun ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína. Stofnunin hvetur ráðuneytið engu að síður til að ljúka þeirri vinnu sem enn er eftir og standa við fyrirætlanir sínar.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir

Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Innanríkisráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgnisskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.